

Örspurningar

Já / Nei / Hlutlaus (eyðið tveimur valkostum)

Á að leyfa innflutning á hráu, ófrosnu, kjöti til Íslands?

Nei

Hefur flokkurinn í hyggju að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarumsókn Íslands að ESB á kjörtímabilinu?

Nei

Mun flokkurinn styðja við hugmyndir um að neytendur skuli ávallt upplýstir um upprunaland matvöru hvar sem hún er á boðstólum, hvort sem er í verslunum, á veitingastöðum eða í mötuneytum?

Já

Mun þinn flokkur standa fyrir aukinni lækkun eða niðurfellingu tolla á innfluttar matvörur?

Nei

Væri þinn flokkur tilbúinn að semja við bændur um að taka að sér verkefni á sviði kolefnisbindingar?

Nei

Á að rýmka reglur og heimila óheftan flutning gæludýra á milli landa?

Nei

Er raunhæft að lækka umhverfisfótspor matvöru með því að beina því til opinberra aðila að kaupa íslenskar framleiðsluvörur, þegar því er við komið, umfram innfluttar?

Já

Mun þinn flokkur beita sér fyrir lægra raforkuverði til garðyrkjustöðva?

Já

Skrifleg svör (hámark 100 orð í hverju svari):

1. Hverjar eru áherslur framboðsins við endurskoðun búvörusamninga sem áætluð er árið 2019? Hverju vill framboðið breyta við þá endurskoðun og í hvaða tilgangi?

Alþýðufylkingin treystir bændum og samtökum þeirra til að vísa veginn við þá endurskoðun sem innbyggð er í þegar samþykktar búvörusamningar og mun enga kröfu gera um að flýta því ferli sem slíku. Flokkurinn leggur áherslu á sjálfbærni í landbúnaði en helstu markmið sjálfbærni eru fæðuöryggi, matvælaöryggi (hollusta), atvinna, fjölskyldubúskapur, viðhald byggðar í sveitum með tengslum við ferðaþjónustu, skynsamleg landnýting, velferð dýra og náttúru og aðgerðir gegn samþjöppun.

2. Hver er stefna flokksins í málefnum sauðfjárbænda? Vill framboðið grípa til aðgerða vegna þess vanda sem þar er uppi?
Að öðru leyti en því sem áður er fram komið treystir Alþýðufylkingin vinnandi fólki og samtökum þess yfirleitt best til að ráða sínum málum. Það á einnig við um bændur og samtök þeirra en AF mun fyrir sitt leyti beita sér fyrir velvilja ríkisins í þeirra garð. Líklega verður nauðsynlegt að grípa til beinna aðgerða vegna þess bráðavanda sem nú er til orðinn og þá vill flokkurinn tryggja að afurðastöðvar og smásölukeðjur í landinu komist ekki hjá að axla þann hluta ábyrgðarinnar sem þær bera á hinni erfiðu stöðu bænda.
3. Innflutningur á búvörum hefur stóraukist á síðustu árum. Hver er stefna flokksins um verndartolla á þeim matvörum sem framleiddar eru hérlandis?
Eðlilegt er að landbúnaðurinn sé varinn fyrir samkeppni við framleiðslu sem byggir á ósjálfbærum framleiðsluháttum, illri meðferð búfjár eða notkun lágláunavinnuafls. Við viljum nota skatta og tolla í samfélagslegum tilgangi og teljum því eðlilegt að beita verndartollum til þess að draga úr umhverfisálagi vegna þrautpíningar lands og flutninga, bæta orkunýtingu og vernda byggðir.
4. Hvað ætlar flokkurinn að gera til að auka kolefnisbindingu á næsta kjörtímabili?
Hugmyndir um kolefnisbindingu falla illa að alþjóðlegum skuldbindingum vegna umhverfis- og loftslagsmála og eru í besta falli frestun á vandanum en í versta falli sóun á fjármunum og leið til að drepa umræðunni á dreif. Útgangspunkturinn á að vera: Það þarf ekki að binda meira ef losað er minna.
5. Sýklalyfjanotkun í landbúnaði á Íslandi er með því minnsta sem þekkist í hinum vestræna heimi og sýklalyfjaónæmi er fátítt hérlandis. Hyggst þinn flokkur berjast fyrir sterkara eftirliti með gæðum matvæla og auknu matvælaöryggi?
Já.
6. Hver er stefna flokksins í landgræðslu- og skógræktarmálum?
Alþýðufylkingin er náttúruverndarflokkur. Nytjaskógrækt og stuðningur við hana sem búgrein hefur sannað gildi sitt og flokkurinn vill halda slíkum stuðningi áfram þótt á næstu árum kynni að vera betra að beina þeim stuðningi meira að grisjun skóga og úrvinnslu afurða en nýplöntun. Einnig telur flokkurinn rétt að auka framlög til þess að verja land gegn eyðingu vegna uppblásturs og rofi af völdum vatnagangs, en telur að kapp sé best með forsjá þegar að því kemur að nota innfluttar tegundir, sem síðar geta reynst ágengar og illviðráðanlegar, til að breyta ásjáð landsins með stórfelldum hætti.
7. Hver er skoðun framboðsins á rekstrarumhverfi mjólkurframleiðslunnar? Sér það fyrir sér breytingar á því og þá hverjar og á hvaða forsendum?
Rekstrarumhverfi mjólkurframleiðslunnar er mjög miðstýrt og verður að vera það. Við slíkar aðstæður þarf að gefa góðan gaum að eignarhaldi á hinu ráðandi fyrirtæki þannig að einkaaðilum gefist ekki færi á að sofa til sín verðmæti í gegnum það á kostnað bænda og neytenda. Samfélagslegar forsendur verða fyrst og fremst að vera til hliðsjónar, bæði þegar horft er til kerfisins eins og það er og hugsanlegra breytinga.

8. Hvernig metur framboðið ástand innviða í hinum dreifðu byggðum, svo sem vega, póstþjónustu, fjarskipta, flutningskerfis raforku og annarrar samfélagsþjónustu? Á að beita sér fyrir einhverjum breytingum þar, þá hverjum og á hvað löngum tíma?

Vegakerfið er í molum og þar vill Alþýðufylkingin leggja til 20 milljarða neyðarframlag þegar í stað sem færi í að bæta úr bráðasta vandanum, s.s. að útrýma malarvegum og einbreiðum brúm. Einnig yrði að efla samgönguáætlun mjög á næstu 5 árum.

Pósturinn er á hraðri leið til einkavæðingar og það ferli þarf að stöðva með hagsmuni samfélagsins alls að leiðarljósi. Sömu hagsmunir eiga að ráða hvað varðar fjarskipti og best væri að ríkisvæða grunnnet fjarskipta upp á nýtt og skipuleggja með hagsmuni samfélagsins alls í huga. Um orkuflutning og aðra samfélagsþjónustu gildir hið sama, Alþýðufylkingin vill félagsvætt kerfi í stað markaðslausna.